

# Framtíðarsýn um sýningarhald

## Byggðasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki



Tillögur starfshóps skipaður af Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sví. Skagafjarðar.  
Berglind Þorsteinsdóttir, Heba Guðmundsdóttir og Sigfús Ólafur Guðmundsson.



Framtíðarsýn um sýningarhald Byggðasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki - tillögur starfshóps, Sauðárkrókur 2021.

Forsíðumynd af Sauðárkróki: Óli Arnar Brynjarsson.

Texti: Berglind Þorsteinsdóttir, Heba Guðmundsdóttir og Sigfús Ólafur Guðmundsson.

Ljósmyndir frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Byggðasafni Skagfirðinga, Sögu Sauðárkróks, Já.is og Maps.is.

Fyrir Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Markmið og tilgangur .....	4
Aðferð og afmörkun efnis.....	4
Ágrip af sögu sýningarhalds Byggðasafns Skagfirðinga .....	5
Sýningarhúsnæði .....	7
Útfærsla 1: Árbakki við Suðurgötu 5.....	7
Framtíðarsýn & umfjöllun .....	12
Útfærsla 2: Tengilshús við Aðalgötu 24.....	13
Framtíðarsýn & umfjöllun .....	15
Útfærsla 3: Leikborg við Aðalgötu 22b.....	17
Framtíðarsýn og umfjöllun .....	20
Umræður - „Hver einasti staður verður að eiga sér rætur“ .....	22
Samantekt og tillögur .....	24
Lokaorð.....	26
Heimildaskrá.....	27
Fylgiskjöl.....	28

## Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga hefur staðið fyrir sýningahaldi frá árinu 1952 þegar fyrsta sýning safnsins opnaði í gamla torfbænum í Glaumbæ. Sýningarnar fjalla um hversdagslegt líf og aðbúnað fólks í Skagafirði, einkum til sveita á 18.-19. öld. Árið 1998 tók Byggðasafnið við Minjahúsinu á Sauðárkróki. Þar stóð safnið fyrir sýningum sem fjölluðu um lifnaðarhætti sem urðu til samhliða aukinni þéttbýlismyndun, t.d. iðnsögu á 20. öld, verslunarsögu, félags- og menningarsögu héraðsins. Árið 2017 var Minjahúsið selt og munir fluttir til varðveislu í geymsluhúsnæði þar sem viðeigandi húsnæði vantaði undir sýningarnar. Í kjölfarið var sett af stað vinna við að finna sýningunum nýjan stað til framtíðar, þar sem munirnir fái að njóta sín með sem bestum hætti. Með þetta að markmiði var settur á fót starfshópur á 72. fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar um mótun framtíðarsýnar sýningarhalds Byggðasafnsins á Sauðárkróki. Starfshópin skipa Berglind Þorsteinsdóttir safnstjóri Byggðasafnsins, Heba Guðmundsdóttir og Sigfús Ólafur Guðmundsson starfsfólk Atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar. Starfshópnum var falið að skila inn tillögu að útfærslu á þeim sýningum sem áður voru til húsa í Minjahúsinu á Sauðárkróki sem og að móta framtíðarsýn í miðlun á sögu og menningararfi Skagfirðinga. Afrakstri þeirrar greiningarvinnu eru gerð skil hér á eftir.

## Markmið og tilgangur

Samkvæmt sameiginlegum leiðbeiningum OECD (Organisation for Economic Co-Operation and Development) og ICOM (International Council of Museums) til sveitarstjórna, samfélaga og safna, eru söfn og menningararfur öflugar stoðir samfélagsins sem stuðlað geta að margvíslegri framþróun og hagsæld viðkomandi samfélaga. Þau laða að sér ferðafólk, afla tekna, stuðla að samheldni í samfélaginu sem og endurskoðun og endurnýjun áttthagatengsla og opna jafnframt augu fólks fyrir fjölbreytni. Á síðustu áratugum hafa borgir og sveitarfélög því í auknum mæli nýtt sér þessar menningarsögulegu „eignir“ sem mikilvægan þátt við endurnýjun heildrænna efnahagsáætlana (OECD, 2017).

Skagafjörður á sér áhugaverða sögu sem vert er að halda á lofti og gera skil með sýningarhaldi, sem í senn styrkir sjálfsmynd íbúa sveitarfélagsins, og laðar til sín ferðafólk. Markmið starfshópsins er að koma með tillögur um hvernig sýningum Byggðasafnsins er best fyrir komið á Sauðárkróki til framtíðar með svigrúmi til vaxtar. Mikilvægur þáttur í því ferli fólst í að velta upp ýmsum knýjandi spurningum varðandi hlutverk Byggðasafnsins í varðveislu, skráningu og miðlun og hvernig uppbygging nýs safnssvæðis geti stuðlað að varðveislu ákveðinna þátta mannlífs eða umhverfis sem sjónarsviptir yrði af ef þeir hyrfu, sbr. Verslun Haraldar Júlíussonar. Einnig hvort gera mætti upp byggingar með hátt varðveislugildi sem þarfnast viðhalds og gefa þeim nýtt hlutverk.

## Aðferð og afmörkun efnis

Fyrsti fundur starfshópsins var þriðjudaginn 9. júní 2020 þar sem fyrirkomulag, verklag og aðferðir voru ákveðnar. Á þessum fyrsta fundi voru lagðar fram spurningar um hvernig væri best að standa að sýningarhaldi í bænum, hvaða hlutverki á Byggðasafnið á að þjóna og hvort safnið geti bætt ímynd og ásýnd bæjarins. Einnig var umræða um mögulegar útfærslur á gömlum húsum á Sauðárkróki sem öðlast geta nýtt líf í gegnum sýningarhald. Má þar nefna *Leikborg* við Aðalgötu 22b, Verslun Haraldar Júlíussonar og *Árbakka* við Suðurgötu 5.

Farið var í vettvangsferð þann 18. júní þar sem Árbakki var skoðaður, verkstæði Jóns og Ingólfs Nikodemussonar sem þá voru staðsett í Minjahúsinu við Aðalgötu 16b, og Leikborg. Í kjölfar vettvangsferðar var Bragi Skúlason húsasmiður og sérfræðingur í

viðgerðum gamalla húsa, fenginn til að meta ástand Leikborgar. Bragi skilaði inn skýrslu um ástand hússins þann 19. október 2020.

Þann 9. desember sama ár leitaði starfshópurinn til Örlygs Kristfinnssonar fyrrv. safnstjóra Síldarminjasafnsins á Siglufirði og eins af stofnendum þess, og fékk starfshópurinn kynningu á uppbyggingu safnsins undafarin ár. Uppbygging safnsins á Siglufirði hefur að mati starfshópsins verið til mikillar fyrirmyndar og óhætt að segja að safnið hefur gjörbreytt bænum. Örlygur tók einnig þátt í SVÓT greiningarvinnu starfshópsins sem fór fram á fundinum. Úrvinnsla og skýrsluskrif fóru fram í janúar til september 2021.

## Ágrip af sögu sýningarhalds Byggðasafns Skagfirðinga

Byggðasafn Skagfirðinga er helgað skagfirskum menningar- og minjarfi. Stefna safnsins í megindráttum er að safna, skrá, varðveita, rannsaka og sýna heimildir sem hafa sögulegt gildi og teljast einkennandi fyrir byggðir Skagafjarðar og miðla þeim til almennings, skólafólks og rannsóknaraðila. Megin áhersla er á að kynna híbýli fyrri tíma, einkum torfbyggingar, búferlaflutninga og ferðalög á hestum, hversdagslíf, iðnvæðingu smáverkstæða á 20. öld og félags- og menningarsögu héraðsins (Berglind Þorsteinsdóttir, 2019).

Byggðasafnið var stofnað þann 29. maí 1948 og hefur frá upphafi verið með aðstöðu í gamla bænum í Glaumbæ, sem er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Fyrsta sýning safnsins „Mannlíf í torfbæjum“ var opnuð í Glaumbæ 15. júní 1952. Um er að ræða fastasýningu sem er enn í gamla bænum og var endurhönnuð árið 1998. Á löngum tíma hafa orðið verulegar breytingar á starfsemi safnsins. Á seinni hluta 20. aldar var sýningin í Glaumbæ orðin yfirfull af munum og greinileg þörf fyrir geymslur, aukið sýningarrými og breytt utanumhald. Við því var brugðist með ráðningu forstöðumanns, Sigríði Sigurðardóttur, árið 1987 og fjölgun húsa, sem voru færð í Glaumbæ á árunum 1991-1997, til að þjóna safni og safngestum. Annað húsið er íbúðarhús frá Ási í Hegranesi, sem byggt var á árunum 1884-1886 svonefnt Áshús. Hitt er endurgerð timburhúss frá 1849, sem kölluð er Gilsstofa. Í Áshúsinu eru geymslur, sýningar og kaffistofa og í Gilsstofunni eru skrifstofur (Sigríður Sigurðardóttir, 2011).

Byggðasafn Skagfirðinga hefur sett upp vel á anna tug sýninga í Skagafirði, bæði út af fyrir sig og í samstarfi við aðra. Af sýningum sem haldnar hafa verið í samstarfi við aðra

aðila má m.a. nefna sýningar í Vesturfarasetrinu á Hofsósi árið 1996 og í Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal 1997 og 2018. Árið 1998 tók Byggðasafnið við rekstri Minjahússins, Aðalgötu 16b á Sauðárkróki, sem Muna- og minjanefnd Sauðárkróksbæjar hafði fengið til afnota árið 1996. Húsið er tvílyft steinsteypuhús, byggt sem pakkhús árið 1947. Í því voru þá tvær sýningar á vegum nefndarinnar. Önnur var sýning á munum sem Andrés H. Valberg gaf til Sauðárkróks árið 1988. Hin var sýning frá Kristjáni Runólfssyni, einkasafnara sem fékk inni í Minjahúsinu frá 1997 til 2004. Í tilefni 50 ára afmælis byggðasafnsins árið 1998 var opnuð fastasýning í Minjahúsinu. Það var sýningin *Gömlu verkstæðin*. Tvö verkstæði voru færð í heilu lagi inn í Minjahúsið, nákvæmlega eins og þau voru áður, í þeim tilgangi að varðveita þau þar og sýna. Þetta voru járnsmíðaverkstæði Jóns Nikodemussonar og trésmíðaverkstæði Ingólfs Nikodemussonar. Þriðja verkstæðið, úrsmíðaverkstæði Franks J. Michelsens, var sett upp með munum frá honum árið 2002. Fjórða verkstæðið, söðlasmíðaverkstæði, var sett saman úr munum í eigu byggðasafnsins (Sigríður Sigurðardóttir, 2011).

Árið 2016 tók sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar ákvörðun um að flytja starfsemi byggðasafnsins úr Minjahúsinu og selja húsið. Undirbúningur og pökkun muna fyrir flutninga hófust árið 2017 og voru safngripir fluttir árið 2019 í húsnæði á Borgarflöt 17-19 til bráðabirgða. Til stendur að varðveita þá í Menningarhúsi sem reist verður á Flæðunum, sem viðbygging við Safnahúsið á Sauðárkróki, á allra næstu árum. Mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði viljayfirlýsingu um þá ráðstöfun ásamt forseta sveitarstjórnar Svf. Skagafjarðar árið 2018. Auk varðveislurýma byggða- og skjalasafns Skagfirðinga stendur einnig til að vera með sýningarrými undir tímabundnar sýningar í menningarhúsinu.

Árið 2020 var sýningunni *Gömlu verkstæðin* í Minjahúsinu pakkað niður og voru munir, veggir og loft færð til tímabundinnar geymslu í Aðalgötu 24. Ætlunin er að finna sýningunni nýjan stað til framtíðar, auk annarra sýninga með munum sem tengjast iðnsögu á 20. öld, verslunarsögu, félags- og menningarsögu héraðsins, sögu Sauðárkróks og Skagfirðinga allra.

# Sýningarhúsnæði

## Útfærsla 1: Árbakki við Suðurgötu 5



Mynd 1. Árbakki - Suðurgata 5. Í baksýn má sjá Félagsheimilið Bifröst. Á milli húsanna má sjá grænt svæði sem hugmyndin tekur til. Mynd: Skjaskot af Já.is.

Við Suðurgötu 5 stendur *Árbakki* en húsið stóð á vesturbakka Sauðár og dregur nafn sitt af því. Farvegi hennar var seinna breytt og rennur nú sunnar í bænum. Húsið hefur einnig verið kallað *Járnsmiðjuhús* eða *Ingimundarhús*, eftir Ingimundi Bjarnasyni sem var eigandi hússins frá 1925 (Bryndís Zoëga o.fl., 2007). Árbakki var byggður árið 1923 af Páli Sigurvini Jónssyni. Páll og kona hans Guðbjörg Eiríksdóttir bjuggu ekki lengi í húsinu heldur seldu það fyrrnefndum Ingimundi og eiginkonu hans, Sveinsínu Bergsdóttur. Ingimundur starfrækti járnsmiðju í kjallara hússins og þótti hann góður og hugmyndaríkur eldsmiður og handverksmaður (Bryndís Zoëga o.fl., 2007:9). Smiðja Ingimundar stendur enn í kjallara hússins og gefur það húsinu mikið gildi en þess má geta að Árbakki er metið með hátt varðveislu- og menningarsögulegt gildi í Húsakönnun Sauðárkróks (2019): „Árbakki er því eitt af þeim húsum sem lýsir vel íbúðar- og atvinnuháttum handverksmanna á fyrri hluta aldarinnar. [...] Húsið er umsagnarskyldt vegna aldurs og hefur jafnframt varðveislugildi vegna menningarsögu“ (Eyrún Sævarsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir, 2019:45). Á þriðja áratugnum byggðu hjónin fjós við húsið sem stendur enn og er síðasta uppistandandi fjósið á Sauðárkróki. Ingimundur lést árið 1976 en Sveinsína bjó áfram í húsinu til ársins 1981, þegar



*Mynd 2. Sauðárkrúkur árið 1926. Árbakki er litla húsið sem stendur nokkurn veginn fyrir miðri mynd. Sauðáin rennur austan við húsið og áfram þar sem Kirkjutorgið stendur nú. Austan við Sauðána stendur Félagsheimilið Bifröst, þá nýbyggt. Mynd/HSk*

hún lést. Iðnaðarmannafélag Sauðárkrúks fékk í kjölfarið húsið ásamt smiðju og áhöldum til að nýta sem aðstöðuhús fyrir félagið og koma á fót iðnminjasafni (Bryndís Zoëga o.fl., 2007:10). Iðnaðarmannafélagið afhenti Sveitarfélaginu Skagafirði húsið árið 2008 og voru um tíma áform um að húsið yrði gert upp af nemendum Fornverkaskólans, sem er samstarfsverkefni Bygðasafnsins, Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og Háskólans á Hólum (Bryndís Zoëga o.fl., 2007:2). Gerðar hafa verið uppmælingar á húsinu af nemendum Tréiðnadeild FNV og hefur Atli Már Óskarsson deildarstjóri tréiðna lýst áhuga við safnstjóra Bygðasafnsins á að koma að viðgerð hússins sem og uppbyggingu húsnæðis utan um sýninguna *Gömlu verkstæðin*, á lóðinni við Suðurgötu 5 ef sú ákvörðun verður tekin.

Í ljósi forsögu Árbakka beindist athyglin fljótlega að því að skoða möguleika á nýtingu hússins, þegar ljóst varð að finna þyrfti sýningum Bygðasafnsins nýtt húsnæði að loknum flutningum úr Minjahúsinu. Árbakki hefur ekki verið í notkun frá því Iðnaðarmannafélagið afhenti sveitarfélaginu húsið árið 2008. Það hve litlu hefur verið breytt í húsinu býður upp á ýmsa möguleika, til dæmis er óþarfi að stilla upp járnsmíðaverkstæðissýningunni í kjallaranum þar sem Iðnaðarmannafélagið gerði það árið 1996, líkt og hún hafði staðið nánast óhreyfð frá því Ingimundur skildi við hana (Björn Jóhann Björnsson, 1996:24). Þá hefur síðasta uppistandandi fjósið á Sauðárkrúki einnig mikið menningarsögulegt gildi. Það má segja að í húsinu kristallist saga margra fyrstu íbúa kaupstaðarins, sem byggðu sér hús og

stunduðu sjálfspurftarbúskap og iðn að heiman. Við húsið er stór lóð, sem að hluta til tilheyrir Suðurgötu 5 (Svf. Skagafjarðar) og einnig Suðurgötu 3, sem tilheyrir Framsóknarfélagi Skagafjarðar. Útfærslan nær yfir lóðir í eigu þessa tveggja aðila. Hinum megin lóðar er Félagsheimilið Bifröst þar sem Sauðárkróksbíó og Leikfélag Sauðárkróks eru til húsa. Þar á milli rann Sauðáin á árum áður. Safnstjóri Byggðasafnsins fékk Magnús Frey Gíslason arkitekt hjá Stoð ehf. til að teikna upp útfærslumöguleika á nýju sýningarhúsnæði á reitnum sem einnig gæti nýst íbúum og yrði bænum til þrýði.



Mynd 3. Hugmyndin var að skapa port á milli Árbakka og Bifrarar. Gera þyrfti upp Árbakka og smíða hús utan um verkstæðissýningarnar austan við. Tréiðjadeild FNV hefur sýnt verkefninu áhuga. Einnig byggja hús að fyrirmynd Michelsenhúss norðan við Árbakka, undir úrsmíðaverkstæðið. Þá kom einnig sú hugmynd að færa Maddömukot í portið. Mynd/Stoð, MFG.



Mynd 5. Einnig kviknaði hugmynd um að gera Sauðánni skil með hellulögnum og tjörn með brú yfir, en planki var áður fyrir yfir ána þar sem tjörnin er sýnd á teikningunni. Svæðið myndi nýtast undir viðburði í bænum, s.s. tónleikahald, markaði, brúðubíllinn svo dæmi sé tekið. Mynd/Stoð, MFG.

Útfærslan nær einnig til annarra sögufrægra bygginga í nágrenninu, þ.m.t. Félagsheimilisins Bifrastar, sem byggt var árið 1925 af Ungmennafélaginu Tindastóli. Húsinu var komið upp mikið til vegna húsnæðisvanda Leikfélags Sauðárkróks og varð tilkoma hússins mikil innspýting í starfsemi leikfélagsins (Kristmundur Bjarnason, 1973:145,272). Þá hefur húsið verið miðpunktur Sæluviku, lista- og menningarhátíðar Skagfirðinga, allt frá byggingu hússins með tíðum leik- og kvikmyndasýningum og dansleikjum sem fæstir létu sig vanta á, svo dæmi séu tekin. Sumarið 1940 tók breska hersetuliðið Bifröst til sinna nota. Samkvæmt Sögu Sauðárkróks hleyptu þeir fjöri í skemmtanalíf bæjarbúa og héldu þar dansskemmtanir, kvikmyndasýningar og fleira. Þá var bæjarbúum einnig boðið þegar skemmtiflokkar á vegum hersins komu á Krókinn (Kristmundur Bjarnason, 1973:265).

Útfærslan nær einnig til svokallaðs *Maddömukots*, sem lagt var til að fært yrði að svæðinu, frá Aðalgötu 16c þar sem það stendur nú. Samkvæmt Húsakönnun Sauðárkróks hefur húsið valdið mörgum heilabrotum. Samkvæmt fasteignamati er húsið byggt árið 1887 en ekki hafa fundist ritaðar heimildir sem styðja það. Carl Knudsen kaupmaður fékk lóðina sem húsið stendur á útmælda þetta ár en húsið er ekki að finna á korti eða yfirlitsmyndum fyrr en árið 1917. Munnmæli segja húsið vera flutt frá Hofsósi eða Grafarósi. Útlit hússins er talið styðja þá hugmynd því það fellur að dansk-íslenskri gerð sem algeng var á seinni hluta 19. aldar (Eyrún Sævarsdóttir o.fl., 2018:50). Sem fyrr segir kallast húsið nú *Maddömmukot* í daglegu tali þar sem þar var síðast starfsemi á vegum hóps kvenna sem kalla sig Maddömur og seldu þar handverk. Hópurinn hefur nú skilað húsinu af sér til sveitarfélagsins og er því engin starfsemi í húsinu.



Adalgata 16 þar sem verkstæði Jörgens Franks Michelsens var til húsa um tíma (Míc).



Jörgen Frank Michelsen við skrifborð sitt um 1935 (HSK).

Í útfærslunni voru einnig hugmyndir um að endurbyggja Michelsen hús, sem áður stóð við Aðalgötu 16. Húsið var byggt árið 1887 og brann í eldsvoða árið 2006 og var endurbyggt á sama stað. Byggðasafnið varðveitir fjölda gripa frá Jörgen Frank Michelsen, úrsmíðameistara frá Horsense á Jótlandi, sem stofnaði og starfrækti úrsmíðaverkstæði á Króknum frá 1909-1945. Þá flutti hann það til Reykjavíkur þar sem það starfar enn 112 árum frá stofnun þess. Úrsmíðaverkstæði J.Fr. Michelsen er elsta starfandi fyrirtæki landsins í því fagi og er enn rekið af afkomendum Jörgens Frank (Sigríður Sigurðardóttir, 2007:11).

<p style="text-align: center;">S</p> <p style="text-align: center;">STYRKLEIKAR</p>	<p style="text-align: center;">V</p> <p style="text-align: center;">VEIKLEIKAR</p>	<p style="text-align: center;">Ó</p> <p style="text-align: center;">ÓGNANIR</p>	<p style="text-align: center;">T</p> <p style="text-align: center;">TÆKIFÆRI</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>» Framúrskarandi skýr tenging við sögu bæjarins.</li> <li>» Samhljómur með sýningarefnivið.</li> <li>» Eðlilegt umhverfi sýninga sem gerir þær meira aðgengilegar og aðlaðandi.</li> <li>» Kjarnar miðbæinn og skapar fallegt umhverfi.</li> <li>» Afmarkað samkomusvæði.</li> <li>» Betri ásýnd Suðurgötu og miðbæjar.</li> <li>» Gefur Bifröst nýtt og veigamikild hlutverk.</li> <li>» Nýting á Suðurgötu 5, sem annars stendur autt og er að drabbast niður</li> <li>» Sjarmerandi hús með safnafræðilegt gildi.</li> <li>» Færa svæði nýtt líf, t.d. með veitingasölu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Aðgengi innanhúss á Suðurgötu 5 erfið.</li> <li>» Þrengsli við Suðurgötu 5.</li> <li>» Bílastæði.</li> <li>» Rekstur sem fyrir er í Bifröst.</li> <li>» Er við lóðarmörk íbúðarhúss (samkomur þó sjaldgæfar og ættu því ekki að trufla).</li> <li>» Ekki í vemdarsvæði í byggð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Flækjustig um brunavarnir</li> <li>» Kostnaðarsamt</li> <li>» Hár rekstrarkostnaður í Bifröst</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Segull og bæjarprýði.</li> <li>» Fjölbreyttir sýningarmöguleikar; allt menningarlíf Skagfirðinga, Leikfélag Skr., Sæluvíka, gamli Krókurinn, hernámið.</li> <li>» Gera upp Bifröst og Suðurgötu 5.</li> <li>» Kveikja að frekari fegrun umhverfis og húsa.</li> </ul>

## Framtíðarsýn & umfjöllun

Á greiningarfundinum þóttu helstu **styrkleikar** þessarar útfærslu vera fyrst og fremst framúrskarandi skýr tenging við sögu bæjarins og samhljómur með sýningarefnivið. Jafnframt eðlilegt umhverfi sýninga sem gerir þær aðgengilegri og meira aðlaðandi. Hún kjarnar miðbæinn og skapar fallett umhverfi og nýting á sjarmerandi húsi með safnafræðilegu gildi, sem annars stendur autt og drabbast niður, svo dæmi sé tekið.

Helstu **veikleikar** þóttu vera aðgengi innanhúss og þrengsli við Suðurgötu 5, skortur á bílastæðum og rekstur sem fyrir er í Bifröst. Einnig að svæðið sem um ræðir er við lóðamörk íbúðarhúss sem gæti skapað flækjustig. Svæðið er ekki innan verndarsvæði í byggð sem þýðir að á þeim stað er sveitarfélagið ekki búíð að marka stefnu að halda í upprunaleika í ásýnd umhverfisins. Þar af leiðandi getur reynst erfiðara að hafa stjórn á hvað annað kemur inn á umrætt svæði. Þar að auki hefur það ekki eins greiðan aðgang að styrkjum.

Þær **ógnanir** sem tiltekna voru flækjustig um brunavarnir, kostnaðarsöm framkvæmd og hár rekstrarkostnaður á Bifröst.


Þau **tækifæri** sem fólgin eru í þessar útfærslu eru fjölbreyttir sýningarmöguleikar um menningarlífíð á Sauðárkróki, þ.e. Sæluvika, Leikfélag Sauðárkróks, gamli Krókurinn þar sem sveitalífstíllinn varðveittist lengur en víða um land, hernámið o.fl. Svæðið yrði segull og bæjarprýði. Þarna myndi skapast tækifæri til að gera upp og varðveita hús með miklu menningarsögulegt gildi – Árbakka, Bifröst og Maddömukot.

Á greiningarfundinum vakti útfærslan almennt hrifningu og býður upp á mikla möguleika, bæði til varðveislu og sýningarhalds og hefur alla burði til að vera íbúum sem gestum til ánægju og yndisauka. Svæðið myndi nýtast ekki bara safninu heldur einnig almenningi, þar gæti skapast fallett umhverfi fyrir fólk til að koma saman til dæmis fyrir tónleika, markaði að sumri, hausti eða um jól, svo dæmi sé tekið. Viðburðir á vegum safnsins gæti einnig orðið til þess að færa aukið líf í miðbæinn.

## Útfærsla 2: Tengilshús við Aðalgötu 24



Mynd 6. Tengilshús / Puffin and Friends við Aðalgötu 24. Hugmyndin er að gera við húsið og byggja við til suðurs. Mynd: Skjáskot af Já.is.



Mynd 7. Aðalgata 24 ásamt viðbyggingum, svonefndum Sláturfélagshúsum, sem rifin voru árið 1992. Verslun H.Júl sést einnig vel á myndinni, sem og Aðalgata 22b. Mynd/HSk

Aðalgata 24 stendur nyrst og austan megin á Aðalgötunni í Gamla bænum á Sauðárkróki. Samkvæmt Króksbók II eru nústandandi hús vélahús og lager sem tilheyrðu *Sláturfélagshúsi*, eða *Salthúsi* (byggt árið 1908) og var rífið árið 1992. Vélahúsið var seinni tíma viðbygging (Ágúst Guðmundsson o.fl., 2014:39). Húsið hefur einnig hefur verið kallað *Tengilshús*. Samkvæmt Húsakönnun Sauðárkróks var húsið byggt á árabílinu 1928-1935 líklegast í tengslum við síldarsöltunarplan sem stóð neðan við húsið. Það hefur stundum verið kallað „salthúsið“ sem styður við þá kenningu (Eyrún Sævarsdóttir o.fl., 2018:61). Fyrirtækið Tengill (rafmagnsverktaki) eignaðist húsið og starfrækti þar verkstæði um tíma en í dag hýsir það sýninguna *Puffin and Friends* ásamt því að vera vinnustöð Skottu ehf.



upp tillögur að því hvernig hægt væri að gera við Aðalgötu 24 og byggja til suðurs viðbyggingar sem gætu hýst *Puffin and Friends* og sýningar Byggðasafns Skagfirðinga.

Útfærslan felst í að gera upp húsið sem nú stendur við Aðalgötu 24, en húsið þarfnast þónokkurs viðhalds. Einnig að reisa viðbyggingar til suðurs sem myndi hýsa sýningar safnsins.

S STYRKLEIKAR	V VEIKLEIKAR	Ó ÓGNANIR	T TÆKIFÆRI
<ul style="list-style-type: none"> <li>» Uppbygging í gamla bæ.</li> <li>» Staðsetning - nálægð við höfnina.</li> <li>» Gott aðgengi.</li> <li>» Ekki bundin að hönnun hússins, hægt að byggja utan yfir verkstæðissýningar.</li> <li>» Útisvæði, hægt að útfæra skjól.</li> <li>» Nálægð við önnur menningarsöguleg hús.</li> <li>» Samlegðaráhrif. Bindur saman svæði á milli Leikborgar, Verslun Haraldar Júlíussonar og Aðalgötu 24 (ef ákveðið verður að skipuleggja svæðið í heild). Verslunin myndi njóta góðs af.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Nálægð við stóra umferðagötu.</li> <li>» Ekki eins skýr umgjörð sýninga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Kostnaðarsamt.</li> <li>» Óvissa um aðra starfsemi í húsinu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Viðskiptatækifæri.</li> <li>» Allt umhverfi myndi njóta góðs af.</li> <li>» Uppgerð á Aðalgötu 24.</li> <li>» Er innan verndarsvæði í byggð (þyrfti að ná fram meiri upprunaleika í hönnun).</li> <li>» Kveikja að frekari fegrun umhverfis og húsa.</li> <li>» Fjölbreyttir sýningarmöguleikar; verslunarsaga, menningarlíf (Leikfélag Skagfirðinga), matarframleiðsla (sláturhús, síld), lífið við höfnina.</li> </ul>

### Framtíðarsýn & umfjöllun

Helstu **styrkleikar** sem nefndir voru á greiningarfundinum var staðsetning útfærslunnar, þ.e. nálægðin við höfnina, og nálægð við menningarsöguleg hús. Í henni felst uppbygging í gamla bænum og ákveðin samlegðaráhrif sem binda saman svæði á milli Verslunar H.Júl. og Leikborgar (ef sú leið yrði fyrir valinu að hafa sýningar safnsins þar). Hægt væri að snúða húsið að sýningum. Þar er einnig gott aðgengi.

Helstu **veikleikar** sem nefndir voru var nálægð við stóra umferðagötu og ekki nægilega skýr umgjörð sýninga.

Þær **ógnanir** sem þóttu fylgja þessari útfærslu er að hún er kostnaðarsöm og óvissa um aðra starfsemi í húsinu.

**Tækifærin** felast einkum í viðskiptatækifærum, umhverfi myndi njóta góðs af og myndi hvetja til frekari feegrunar umhverfis og húsa. Á svæðinu felast fjölbreyttir sýningarmöguleikar, s.s. verslunarsaga, menningarlíf, slátrun og síldarsöltun og lífið við höfnina. Útfærslan er innan *verndarsvæðis í byggð* og þyrfti því að ná fram meiri upprunaleika í hönnun. Þarna felst einnig tækifæri til að gera upp Aðalgötu 24.


Útfærslan þótti bjóða upp á mikla möguleika, ekki síst í staðsetningu og nærliggjandi húsum.

### Útfærsla 3: Leikborg við Aðalgötu 22b



Mynd 9. Verslun H. Júl. og Leikborg - Aðalgötu 22b. Útfærslan nær í raun til beggja húsa þar sem Aðalgata 22b er í eigu Svf. Skagafjarðar og Bjarna Haraldssonar, sem hefur farið þess á leit við Byggðasafn Skagfirðinga að taka við versluninni. Leikborg er mikið líti á bænum eins og sakir standa, þar sem húsið og viðbyggingar eru í niðurníðslu. Húsin og umhverfi bjóða þó upp á mikla möguleika. Mynd: BSK/BP

Við Aðalgötu 22b stendur hús sem í daglegu tali er kallað *Leikborg* og dregur nafn sitt af tvenns konar starfsemi sem hefur verið í húsinu, annars vegar Leikfélags Sauðárkróks sem átti aðsetur í húsinu og hins vegar Trésmiðjunni Borg sem stofnuð var upp úr Litlu-trésmiðjunni, sem áður var starfrækt í húsinu (Ágúst Guðmundsson o.fl., 2014:39). Húsið er byggt af Kristjáni Gíslasyni sem lét byggja sláturhús úr steinsteypu árið 1911 og er því aldursfríðað. Smiður hússins var líklega Ólafur Reykdal. Kristján byggði síðar vörugeymslu við sláturhúsið sunnanvert er hann tók við vöruafgreiðslu fyrir Eimskipafélag Íslands eftir stofnun þess. Í því húsi hefur verið vörugeymsla Verslunar Haraldar Júlíussonar um árabil (Ágúst Guðmundsson o.fl., 2014:39). Athuganir Braga Skúlasonar, húsasmíðameistara og sérfræðings í viðgerðum gamalla húsa, sem fenginn var til að meta núverandi ástand hússins renna stóðum undir það að húsið hafi verið byggt í tveimur áföngum, norðari hluti árið 1911 en árið á eftir var byggt við að sunnan. „Það virðist vera að Sláturhús K.G. hafi, alla vega í fyrstu, ekki náð lengra til suðurs en Leikborg er í dag þannig að suðurgaflinn á Leikborg hefur verið útveggur í fyrstu. Vestan til á honum er gönguhurð, þá gluggi á miðjum vegg og



Mynd 10. Til vinstri: Sauðárkrókur árið 1911, þarna má sjá norðurhluta Aðalgötu 22b, Aðalgata 24b sem nú hýsir Trésmiðjuna Ýr er óbyggt. Mynd/HSk. Til hægri: Sauðárkrókur árið 1915. Þarna má sjá Aðalgötu 22b í heild sinni, risin er viðbygging til suðurs, sem var sennilega byggð árið 1912. Mynd/Saga Sauðárkróks.

stærri hurð þar austan við. Þannig að syðri hluti hússins þ.e. vörugeymsla H.Júl. hafi verið byggð einhverjum árum síðar en slátruhúsið, enda má sjá það á myndum frá þessum tíma“ (Bragi Skúlason, 2020).

Húsbyggingunni er lýst í sögu Sauðárkróks: „Húsið var ein hæð með porti og risi, notað til slátrunar og vörugeymslu, skipt í fjögur hólf með steinsteyptum veggjum. Loft var yfir nær öllu húsinu, en útbyggð saltkompa við það, einnig fjárrétt. Það var 26 m á lengd, 9.40 m á breidd, vegg hæð 3.15, hæð í mæni 4 m. Útveggir voru steinsteyptir: járnþak á langböndum. Húsið var vandað að öllum útbúnaði“ (Kristmundur Bjarnason, 1971:157-158).

Húsið er nú í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og stendur ónotað fyrir utan þann hluta sem nýttur er sem vörugeymsla verslunar H.Júl. Áfast við suðvesturhlið hússins er



Mynd 11. Í forgrunni stendur Bræðrabúð, sem brann á tímum seinni heimstyrjaldar. Hægra megin við Bræðrabúð má sjá járnbrautateina sem lágu í gegnum Aðalgötu 22b sem sést í bakgrunni. Mynd/HSk.

bílskúr/geymsla (byggð 1949) sem tilheyrir jafnframt verslun H.Júl. Tvö bogadregin dýraop eru á austur og vesturhlið hússins en þegar síldarsöltun stóð sem hæst lágu járnbrautarteinar þar í gegn til að ferja síldina. Um miðju hússins er áföst lítil bygging með risþaki en sú bygging gegndi hlutverki saltgeymslu. Upp við norðurhlið þeirrar byggingar er önnur áföst

bygging sem gegnir hlutverki spennustöðvar RARIK en hún var byggð við húsið árið 1949 (Eyrún Sævarsdóttir o.fl., 2018:59). Í Húsakönnun Saudárkróks segir að húsið sé líklega elsta uppistandandi steinsteypta húsið á Saudárkróki, það sé friðað vegna aldurs og hafi menningarsögulegt gildi. „Bogadregnu dyraopin eru eitt af síðustu merkjum járnbrautarteinanna og síldarsöltunar á Saudárkróki,“ segir ennfremur í skýrslunni (Eyrún Sævarsdóttir o.fl., 2018:59). Bragi Skúlason tekur undir það mat í greinagerð sinni: „Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi. Það er með fyrstu sláturhúsum hér í bæ auk þess að vera eitt fyrsta steinsteypta húsið á Saudárkróki. [...] Ég get ekki séð nein vandkvæði á því að gera húsið upp í upprunalegri mynd, frekar en mörg önnur hús í svipuðu ástandi, sem gerð hafa verið upp á síðustu árum“ (Bragi Skúlason, 2020).

Bjarni Haraldsson, eigandi Verslunar Haraldar Júlíussonar, hefur boðið byggðasafninu/sveitarfélaginu verslunina og syðri hlutann af Aðalgötu 22b, til kaups undir sýningarhald. Verslun H. Júl. hefur starfað óslitið í rúma öld, eða frá 1919 og að mestu óbreytt frá 1930. Þannig er hún hluti af menningararfi Skagfirðinga, einn af hornsteinum þess mannlífs sem við þekkjum af Króknum. Auk þess er verslunin vitnisburður um hverfandi viðskipta- og verslunarhætti á landsvísu. Verslunin var lengst af einskona samgöngu- og þjónustumiðstöð fyrir Skagafjörð. Hún er tveggja kynslóða verslun. Núverandi eigandi verslunarinnar, Bjarni Haraldsson, ólst upp í búiðinni og tók við henni árið 1959 af föður sínum. Þessi tegund verslana eru hver af annarri að hverfa úr íslenskum viðskiptaheimi og brátt heyra þær sögunni til. Þegar komið er inn í verslunina sést fljótt að tíminn hefur nánast staðið í stað, innréttingar eru friðaðar og á afgreiðsluborðinu eru tvær vogir, önnur hefur



Mynd 12. Til vinstri: Bjarni Har (til hægri) byrjaði ungur að árum að standa vaktina í Verslun H.Júl., hér er hann ásamt Vagni Kristjánssyni. Til hægri: Það hefur alltaf verið gestkvæmt í versluninni, fyrir utan búiðina um 1940 eru: Skarphéðinn Agnarsson á tröppunum, Sigurður Gíslason skoðar í búðargluggann og Oddgnýr Ólafsson spjallar við kunningja.



Mynd 13. Hér má sjá hvernig Aðalgata 22b gæti litið út ef yngri viðbyggingar yrðu fjarlægðar, húsið gert upp og fengið undir sýningar safnsins. Hægt væri að gera huggulegt port vestan við, með bekkjum og gróðri. Verslun H.Júl. gæti starfað áfram sem safnbúð. Gaman væri að endurgera lestarteinanna í gengum húsið og leyfa gestum að sitja vagninum í spölkorn austan við húsið. Ásýnd svæðisins myndi batna til muna og yrði íbúum sem gestum bæjarins til ánægju og yndisauka. Mynd/BSK, BP.

verið í notkun frá árinu 1941 en hin er safngripur, með merki danska konungsins og var notuð frá 1919 til 1941 (Byggðasafn Skagfirðinga, 2020).

Í þessari útfærslu gæti Byggðasafn Skagfirðinga tekið við rekstri verslunarinnar undir miðasölu fyrir safnið og safnbúð með sérvörum (s.s. úr matarkistu Skagafjarðar, ullarvörur og minjagripi) og þar með varðveitt búðina sem næst sínu upprunalega útliti og kynnt ferðamönnum og heimamönnum minjagildi hennar og merkilega sögu.

### Framtíðarsýn og umfjöllun

Í umfjöllun á greiningarfundi komu fram fjölmargar ábendingar um **styrkleika** útfærslunnar. Einna helst ótvíræð söguleg tenging við fortíðina og sögu staðarins, með mikla og áhugaverða möguleika og hefur mikið menningarsögulegt gildi. Eðlilegt umhverfi sýninga sem gerir þær meira aðgengilegar og aðlaðandi. Í útfærslunni felst upprunaleiki og sanngildi sem hefur safnafræðilegt gildi. Þarna væri hægt að koma fyrir járnbrautateinum og vagni sem hægt væri að endurgera sem myndi vekja athygli og virka sem segull á ferðafólk. Þarna er hægt að skapa skjólgott og fallett port þar sem möguleiki er á að færa út safnastarf og standa fyrir viðburðum (sbr. síldarsöltun á sumrin hjá Síldarminjasafninu, sem trekkir

<p style="text-align: center; font-size: 2em; margin: 0;">S</p> <p style="text-align: center; margin: 0;">STYRKLEIKAR</p>	<p style="text-align: center; font-size: 2em; margin: 0;">V</p> <p style="text-align: center; margin: 0;">VEIKLEIKAR</p>	<p style="text-align: center; font-size: 2em; margin: 0;">Ó</p> <p style="text-align: center; margin: 0;">ÓGNANIR</p>	<p style="text-align: center; font-size: 2em; margin: 0;">T</p> <p style="text-align: center; margin: 0;">TÆKIFÆRI</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>» Uppbygging í gamla bæ.</li> <li>» Staðsetning - nálægð við höfnina.</li> <li>» Gott aðgengi.</li> <li>» Uppbygging á húsi í niðurníðslu – gefur Leikborg nýtt hlutverk.</li> <li>» Með mikið menningarsögulegt gildi.</li> <li>» Ótvíræð söguleg tenging við fortíðina og sögu staðarins. Mjög miklir og flottir möguleikar.</li> <li>» Eðlilegt umhverfi sýninga, gerir þær meira aðgengilegar og aðlaðandi.</li> <li>» Upprunaleiki og sanngildi – safnafræðilegt gildi.</li> <li>» Járnbrautateinar og -vagn sem hægt væri að endurheimta – myndi vekja mikla athygli – segull.</li> <li>» Skjólgott og fallett port/torg. Möguleiki á að færa safnastarf/iðkun fyrir utan.</li> <li>» Samlegðaráhrif. Bindur saman svæði á milli Leikborgar, Verslun Haraldar Júlíussonar og Aðalgötu 24 (ef ákveðið verður að skipuleggja svæðið í heild). Samtvinnun við Verslun Haraldar Júlíussonar ótvíræður styrkleiki. Óslitin saga verslunarinnar fær framhaldslíf. Samfélagssaga.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Spennustöð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Kostnaðarsamt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>» Aldursfríðað hús innan verndarsvæði í byggð – möguleikar á hærri styrkjum.</li> <li>» Rífa viðbyggingar og gera upp í upprunalegri mynd. Tækifæri fyrir sýningar eða aðra starfsemi.</li> <li>» Þarf að taka til hendinni, tækifæri til að gera vel og að bæjarprýði.</li> <li>» Ásýnd myndi batna til muna. Allt umhverfi myndi njóta góðs af.</li> <li>» Nálægð við önnur menningarsöguleg hús.</li> <li>» Kveikja að frekari fegrun umhverfis og húsa.</li> </ul>

ferðafólk víða að). Einnig var tiltekið að styrkleiki felst í staðsetningunni og nálægðinni við höfnina. Þarna færi fram uppbygging í gamla bænum og uppbygging á aldursfriðuðu húsi með hátt menningarsögulegt gildi sem er í niðurníðslu og gefa því nýtt hlutverk.

**Veikleiki** felst í að spennustöð Rarik er staðsett við húsið og óvíst hvort eða með hvaða hætti væri hægt að færa hana eða minnka umfang hennar.

Eina **ógnin** sem kom fram var að framkvæmdin gæti reynst kostnaðarsöm.

**Tækifærin** fólust einkum í að um er að ræða aldursfriðað hús innan verndarsvæði í byggð og því möguleikar á hærri styrkjum. Þarna þarf sannarlega að taka til hendinni og því tækifæri til að gera vel og að bæjarprýði, rífa viðbyggingar og gera upp í upprunalegri mynd. Ásýnd myndi batna til muna og allt umhverfi myndi njóta góðs af. Þetta gæti kveikt undir áhuga til frekari fegrun umhverfis og húsa í nágrenninu.

Á greiningarfundinum vakti útfærslan almennt hrifningu og býður upp á mikla möguleika, bæði til varðveislu og sýningarhalds og hefur alla burði til að vera íbúum sem gestum til ánægju og yndisauka. Tækifærin felast hvor tveggja í því að bjarga húsi með hátt menningarsögulegt gildi og gefa því nýtt hlutverk, jafnt og fegrun á umhverfi sem, eins og staðan er, er mikið lýti á bænum. Svæðið myndi nýtast ekki bara safninu heldur einnig almenningi, þar gæti skapast fallett umhverfi fyrir fólk til að koma saman og safnið gæti staðið fyrir viðburðum sem myndu efla mannlífið í gamla bænum.

## Umræður - „Hver einasti staður verður að eiga sér rætur“

Með opnun sýninga Bygðasafnsins á nýjum stað á Sauðárkróki er markmiðið að styðjast við samskonar rekstrarform og áður, þ.e. samnýtingu starfsfólks með sýningum safnsins í Glaumbæ. Fjöldi starfsfólks yrði á bilinu 2-4 eftir álagi og eftirspurn, þar sem einn verður í afgreiðslu/safnbúð og aðrir við safngæslu, leiðsagnir og þrif eftir atvikum. Með samnýtingu starfsfólks er hægt að beina kröftunum þar sem þörfin er mest og ná fram aukinni hagræðingu og samræmingu í rekstri og þjónustu. Safnið gæti boðið sameiginlega miða á sýningar safnsins í Glaumbæ og á Sauðárkróki, líkt og gert hefur verið í Glaumbæ og Víðimýrarkirkju undanfarin ár, og hefur mælst einstaklega vel fyrir bæði hjá einstaklingum og ferðaskrifstofum.

Starfshópurinn fór og skoðaði þau svæði og byggingar sem hér hafa verið nefnd og ræddi möguleika, kosti og galla og leitaði ráðgjafar sérfræðinga í viðgerðum gamalla húsa. Þá leitaði starfshópurinn sér einnig ráðlegginga frá reyndum aðila í uppbyggingu farsæls safns í nágrenninu, Örlygi Kristfinnssyni fyrrv. safnstjóra Síldarminjasafns Siglufjarðar, sem tók þátt í greiningarvinnunni sem utanaðkomandi sérfræðingur. Upphaf Síldarminjasafnsins á sér langa sögu, en til að gera langa sögu stutta, þá kom í máli hans fram að gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað á Siglufirði á undanförunum árum sem hefur vakið mikla athygli, innanlands sem utan. Það var áhugamannahópur sem tók sig saman og leiddi verkefnið við uppbyggingu safnsvæðisins. Velgengni þess má rekja til mótun framtíðarsýnar í upphafi og kostnaðaráætlunar. Vegferðin var áfangaskipt, 1. Áfangi hófst árið 1991 með uppgerð hússins Róaldsbrakka sem var komið í niðurníðslu, að því loknu var húsið og umhverfi til fyrirmyndar. Þeim áfanga lauk árið 1996 og greiddi leiðina fyrir næstu áfanga, sem stóð yfir á árunum 1997 til 2004, og fólst í byggingu á Bræðsluminjahúsinu Gránu og Bátahúsinu. Á meðan þessi uppbygging fór fram hlaut safnið mörg verðlaun, íslensk og evrópsk. Þriðji áfanginn hófst árið 2014 og stendur enn, og felst í flutningi á húsi sjóleiðis til endurbyggingar á Siglufirði, svonefnt Salthús. Húsið var gjöf Þjóðminjasafnsins og kemur til með að hýsa varðveislurými og kaffihús.

Þegar þessi vegferð hófst var samfélagið enn í sárum eftir að síldin hvarf og ásýnd bæjarins ekki eins og best var á kosið. Þegar uppbyggingin hófst og fór að taka á sig mynd hreifst samfélagið með og markaði það upphafið af uppbyggingu á Siglufirði. Að sögn Örlygs var Aðalgatan í niðurníðslu en nú er hún fín og lykilþátturinn var uppgerð þessara gömlu húsa. Íbúar bæjarins hafa lýst gríðarlegu stolti yfir því hvernig til hefur tekist. „Síldarminjasafnið endurreisti ekki bæinn en það lagði grunninn og bæjarbúar eru nú stoltir af sögu sinni, sögu sem stóð til að grafa yfir áður en áhugamannahópurinn fór í þessa vegferð.“ Heimsóknartölur hafa farið stígandi frá ári til árs fram að heimsfaraldri, en til að mynda heimsóttu 26 þúsund manns safnið árið 2019. Helstu ráðin sem Örlygur veitti voru þau að teikna framtíðarsýnina, gera áætlanir og setja niður í áföngum. „Þetta skiptir máli fyrir samfélagið – hver einasti staður verður að eiga sér rætur og þetta verður að vera sýnilegt,“ sagði Örlygur.

## Samantekt og tillögur

Þegar ítarlegt mat á tillögunum hafði farið fram hjá starfshópnum máttum við það sem svo að valið stæði í raun milli tveggja kosta; annars vegar útfærslunnar við Árbakka og Bifröst og hins vegar við Leikborg, Verslun Haraldar Júlíussonar og Aðalgötu 24, þar sem hinar síðarnefndu (útfærslur 2 og 3) eru á sama stað og tengjast órjúfanlegum böndum. Báðir staðirnir hafa skýra tengingu við sögu bæjarins, ótvíræða sögulega tengingu við fortíðina og mikla og flotta möguleika, eins og fram kemur í SVÓT greiningum. Í öllum þremur tillögum koma fram tillögur um viðgerð gamalla húsa, en vert er að minna á að út frá umhverfissjónarmiðum<sup>2</sup> er hagkvæmara að gera við gömul hús en að byggja ný. Húsin er um ræður eru:

1. Árbakki við Suðurgötu 5, sem er með hátt varðveislu- og menningarsögulegt gildi og Félagsheimilið Bifröst sem er umsagnarskylt en þau eru ekki innan verndarsvæði í byggð;
2. Tengilshús við Aðalgötu 24 sem hefur miðlungs varðveislu- og menningarsögulegt gildi; og
3. Leikborg við Aðalgötu 22b sem er aldursfriðað hús með mikið varðveislu- og menningarsögulegt gildi, hin síðarnefndu innan verndarsvæði í byggð.

Sveitarstjórn Svf. Skagafjarðar hefur ákveðið að varðveita skuli byggðaheildina sem umrætt svæði tekur til vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis (Sólveig Olga Sigurðardóttir og Sólborg Una Pálsdóttir, 2018). Byggingar innan verndarsvæðis í byggð hafa hærri forgang við úthlutun styrkja úr Húsafriðunarsjóði. Starfshópurinn metur það svo að uppbygging sýninga innan verndarsvæði í byggð sé ákjósanlegur kostur og leggur til að framtíðar safnsvæði Byggðasafnsins taki til alls svæðisins sem útfærslur 2 og 3 ná yfir. Starfshópurinn leggur til að haft sé að leiðarljósi að aðlaga útfærslurnar á tillögu 2 nær upprunaleika og sanngildis til að auka trúverðugleika miðlunar safnsins á sögu bæjarins,

---

<sup>2</sup> Árið 2016 var samþykkt úrgangsförvarnarstefna ríkisins, fyrsta skrefið að innleiðingu Hringrásakerfi á Íslandi. Þar er lögð áhersla á að draga úr úrgangsmýndun og viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Annar liður í stefnumótun ríkisins í átt að hringrásarhagkerfi er áherslan á endurvinnslu, þ.e.a.s. að finna farvegi fyrir þær auðlindir sem ekki er komist hjá að verði að úrgangi (Umhverfisstofnun, 2021). *Hringrásarhagkerfið*. Sótt 20. september 2021 af <https://ust.is/graent-samfelag/graenn-lifstill/hringrasarhagkerfid/>.

Byggingarframkvæmdir leika mikilvægt hlutverk þegar kemur að því að skapa hringrásarhagkerfi. Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir gríðarlegu magni af notkun auðlinda og myndun úrgangs en til þess að koma í veg fyrir að auðlindir jarðarinnar gangi ekki til þurrðar þurfum við að gera róttæka breytingu á okkar neysluvenjum og framleiðsluaðferðum (Grænni byggð, 2021). *Hringrásarkerfið*. Sótt 20. september 2021 af <https://www.graennibyggd.is/hringrasarhagkerfid/>.



Mynd 14. Starfshópurinn leggur til að horft verði til svæðisins innan rauða ferningsins sem safnssvæði Byggðasafns Skagfirðinga til framtíðar. Afmörkun svæðisins myndi ekki hafa áhrif á þá starfsemi sem fyrir er, en verði breyting á þeirri starfsemi í framtíðinni þarf að gæta þess að það hafi ekki neikvæð áhrif á safnið og starfsemi. Svæðið í heild sinni yrði skipulagt, áfangaskipt og teiknað upp og hugsað til næstu 10-15 ára. Mynd/Skjáskot af Maps.is

sem og aðgang að styrkjum. Innan svæðisins er nú þegar starfsemi sem taka þarf tillit til, þ.e. Puffin and Friends í Aðalgötu 24 og Trésmiðjan Ýr í Aðalgötu 24a. Afmörkun svæðisins sem safnasvæðis mun þó ekki hafa áhrif á þá starfsemi sem fyrir er, en verði breyting á henni í framtíðinni þarf að gæta þess að það hafi ekki neikvæð áhrif fyrir safnið og starfsemi.

Annað sem vegur þungt í því að þessi staðsetning varð fyrir valinu umfram hina, er sú staða sem komin er upp með Verslun H.Júl., og að verslunin og suðurhluti Leikborgar hafa boðist safninu/sveitarfélaginu til kaups. Tækifæri gefst til að reka verslunina áfram í formi safnverslunar sem og að varðveita og miðla því mikilvæga hlutverki sem hún hefur gegnt í gegnum tíðina, jafnt sem merkilegri verslunar- og mannlífs sögu Skagfirðinga. Þá gefst einnig tækifæri til að nýta allt Leikborgar húsið sem hefur gríðarlega spennandi möguleika sem sýningarhúsnæði, t.d. með því að koma fyrir járnbrautarteinum og leiða vagn í gegnum húsið á ný, þar sem hægt væri að leyfa gestum að sitja í. Portið býður einnig upp á spennandi möguleika, enda sérlega skjólsælt og myndi kjarna og fegra útbæinn til muna. Safnið gæti

einnig auðgað mannlífið á svæðinu með viðburðum allt árið um kring. Á svæðinu norðan við Verslun H.Júl. þar sem útfærsla 2 nær til, eru einnig ótal möguleikar á sýningarhaldi, fegrun svæðisins og myndun góðrar stemningar í safnhúsunum.

## Lokaorð

Við ákvörðunartökur og stefnumótun á sýningarhaldi Byggðasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki teljum við afar mikilvægt að móta skýra framtíðarsýn sem sátt er um, og að þær áætlanir nái ekki skemur en til næstu 10-15 ára. Með vandaðri stefnumótun að leiðarljósi vinnst verkefnið betur og þegar árangurinn verður sýnilegur skapast meðbyr. Við teljum ráðlegt að taka nágranna okkar á Siglufirði til fyrirmyndar hvað varðar uppbyggingu safnsins þar í bæ, þ.e. að gera upp varðveisluverð hús í bland við nýbyggingar sem eru í anda sögu staðarins, og gæta að sanngildi og upprunaleika. Að lokum viljum við mæla með því að farin verði vettvangsferð til Siglufjarðar áður en endanleg ákvörðun verður tekin um afstöðu til vinnu starfshópsins og framtíðarsýn sýningarhalds Byggðasafns Skagfirðinga. Þar verði fengin kynning frá fyrstu hendi á þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað.

## Heimildaskrá

- Ágúst Guðmundsson, Árni Blöndal, Árni Ragnarsson og Erling Örn Pétursson. (2014). *Króksbók II – Gamli bærinn*. Árni Ragnarsson ritstjóri. Sauðárkrókur: Rótarýklúbbur Sauðárkróks.
- Berglind Þorsteinsdóttir. (2019). *Safnstefna 2019-2023. Söfnunar-, starfs- og verkefnaáætlun Bygðasafns Skagfirðinga*. Glaumbær: Bygðasafn Skagfirðinga.
- Bragi Skúlason. (2020, 15. október). *Húsið „Leikborg“ Adalgötu 22 b á Sauðárkróki*. Sjá í fylgiskjölum.
- Bygðasafn Skagfirðinga. (2020). *Verzlun. H. Júlíussonar*. Sótt 2.2.2021 af <http://www.glaumbaer.is/is/safnid-1/samstarf/verzlun-h-julissnar>.
- Eyrún Sævarsdóttir, Sigrún Fossberg Arnardóttir, Sólborg Una Pálsdóttir og Sólveig Olga Sigurðardóttir. (2018). *Húsakönnun Sauðárkróks. Norðurhluti Gamla bæjar*. Sauðárkrókur: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.
- Eyrún Sævarsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir. (2019). *Húsakönnun Sauðárkróks. Suðurgata*. Sauðárkrókur: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.
- Björn Jóhann Björnsson. (1996, 17. júlí). Eins og gamli maðurinn hafi skroppið í kaffi. *DV*. Sótt 22.1.2021 af <https://timarit.is/page/2942875#page/n9/mode/2up>.
- Bryndís Zoëga, Gísli Þór Ólafsson, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Unnar Ingvarsson (2007). *Suðurgata 5 á Sauðárkróki, húsakönnun*. Sauðárkróki: Bygðasafn Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.
- Kristmundur Bjarnason. (1971). *Saga Sauðárkróks. Síðari hluti I. 1907-1922*. Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður.
- Kristmundur Bjarnason. (1973). *Saga Sauðárkróks. Síðari hluti II. 1922-1948*. Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður.
- OECD. (2017). *Culture and Local Development: Maximising the Impact*. Sótt 15. september 2021 af <https://www.oecd.org/cfe/leed/2017Culture-and-local-development-project-description.pdf>
- Sigríður Sigurðardóttir. (2007). *Gömlu verkstæðin. Sýningaskrá*. Sauðárkrókur: Bygðasafn Skagfirðinga.
- Sigríður Sigurðardóttir. (2011). *Glaumbær. Sýning og safn*. Smárit Bygðasafns Skagfirðinga XI. Glaumbær: Bygðasafn Skagfirðinga.
- Sólveig Olga Sigurðardóttir og Sólborg Una Pálsdóttir. (2018). *Tillaga að verndarsvæði í byggð, Sauðárkrókur*. Sauðárkrókur: Sveitarfélagið Skagafjörður.

## Fylgiskjöl

Teikningar frá Stoð ehf. af útfærslu 1 við Suðurgötu 5.

Teikningar frá Stoð ehf. Af útfærslu 2 við Aðalgötu 24.

Skissa frá BSk af útfærslu 3 við Aðalgötu 22b.

Ástandsmat á „Leikborg“ Aðalgötu 22 b á Sauðárkróki, eftir Braga Skúlasson.

Tafla með Svót-greiningu